

AUGLÝSING

um alþjóðasamning um notkun INMARSAT-skipajarðstöðva innan landhelgi og í höfnum.

Hinn 26. október 1998 var framkvæmdastjóra Alþjóðastofnunarinnar um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT) afhent aðildarskjal Íslands vegna alþjóðasamnings um notkun INMARSAT-skipajarðstöðva innan landhelgi og í höfnum sem gerður var í Lundúnum 16. október 1985. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 26. október 1998.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 1. desember 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐASAMNINGUR um notkun INMARSAT-skipajarðstöðva innan landhelgi og í höfnum.

INTERNATIONAL AGREEMENT on the Use of INMARSAT Ship Earth Stations within the Territorial Sea and Ports

Formálsorð

Aðildarríki (hér á eftir nefnd „aðilar“) samnings þessa,

sem æskja þess að ná þeim markmiðum sem eru í anda 3. tilmæla alþjóðaráðstefnunnar um myndun alþjóðlegs gervitunglakerfis til notkunar í siglingum, 1975-1976, og

sem hafa ákveðið að bæta boðskipti þegar sjávarháaska ber að höndum og öryggi er í húfi, og auka skilvirkni og efla stjórnun um borð í skipum,

hafa orðið ásaðtt um eftirfarandi:

1. gr.

1) Aðilar skulu, samkvæmt ákvæðum þeim sem eru sett fram í samningi þessum og í samræmi við siglingaréttindi sem þjóðaréttur kveður á um, heimila innan landhelgi sinnar og í höfnum rekstur samþykktara skipajarðstöðva sem heyra til geimboðskiptakerfis til nota í siglingum sem Alþjóðastofnunin um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT) lætur í té og eru settar upp á réttan hátt um borð í skipum sem sigla undir fána annars aðila (hér á eftir nefndar „INMARSAT-skipajarðstöðvar“).

2) Leyfi af þessu tagi skal ætíð takmarkast við notkun INMARSAT-skipajarðstöðvarinnar á tíðnisviðum fyrir gervitunglalarstöðvar og vera háð því að INMARSAT-skipajarðstöðin hlíti

Preamble

THE STATE PARTIES (hereinafter referred to as “Parties”) to this Agreement,

DESIRING to achieve the objectives envisaged in Recommendation 3 of the International Conference on the Establishment of an International Maritime Satellite System, 1975-1976, and

HAVING DECIDED to improve the distress and safety of life at sea communications, and the efficiency and management of ships,

HAVE AGREED as follows:

Article 1

(1) Pursuant to the provisions set forth in this Agreement and in accordance with navigational rights established under international law, Parties shall permit in their territorial seas and ports the operation of approved ship earth stations appertaining to the maritime space communication system provided by the International Maritime Satellite Organization (INMARSAT) and properly installed aboard ships flying the flag of any other Party (hereinafter referred to as “INMARSAT Ship Earth Stations“).

(2) Such permission shall at all times be restricted to the use of maritime mobile-satellite frequencies by the INMARSAT Ship Earth Station and shall be subject to compliance by the

gildandi reglugerðum Alþjóðafjarskiptasambandsins um loftskæti og þeim skilyrðum sem eru sett fram í 2. gr. samnings þessa.

2. gr.

1) Rekstur INMARSAT-skipajarðstöðvanna er háður eftirfarandi skilyrðum:

- a) hann skal ekki spilla friði, reglu og öryggi strandríkisins;
- b) hann skal ekki valda skaðlegum truflunum á annarri loftskætaþjónustu sem starfrækt er innan landamæra yfirráðasvæðis strandríkisins;
- c) hann skal miðast við að sendingar, þegar hættu ber að höndum og öryggi er í húfi, hafi forgang í samræmi við viðeigandi alþjóðasamninga, og, einkum og sér í lagi, reglugerðir Alþjóðafjarskiptasambandsins um loftskæti;
- d) gera skal varúðarráðstafanir, með fyrirvara um gildandi öryggisreglur, meðan INMARSAT-skipajarðstöð er starfrækt á svæði þar sem er að finna sprengifimar lofttegundir, einkum meðan á starfsemi stendur sem tengist olíu og öðrum eldfimum efnum;
- e) INMARSAT-skipajarðstöðvarnar skulu sæta eftirliti yfirvalda í strandríkinu, fari þau þess á leit, að óskertum þeim siglingaréttindum sem þjóðaréttur kveður á um.

2) Í samningi þessum merkir hugtakið „strandríki“ ríki þar sem INMARSAT-skipajarðstöð er starfrækt, innan landhelgi og í höfnum, í samræmi við ákvæði samnings þessa.

3. gr.

Aðilum er heimilt, að óskertum siglingaréttindum sem þjóðaréttur kveður á um, að takmarka, stöðva tímabundið eða banna starfsemi INMARSAT-skipajarðstöðva í höfnum og á svæðum innan landhelgi sem þeir tilgreina. Tilkynna ber vörsluaðila samnings þessa um það eins fljótt og auðið er, sbr. þó gildistöku slíkrar takmörkunar, tímabundinnar stöðvunar eða banns eins og viðkomandi aðili hefur ákveðið.

INMARSAT Ship Earth Station with the applicable Radio Regulations of the International Telecommunication Union and the conditions set forth in Article 2 of this Agreement.

Article 2

(1) The operation of INMARSAT Ship Earth Stations shall be subject to the following conditions:

- (a) it shall not be prejudicial to the peace, good order and security of the Coastal State;
- (b) it shall not cause harmful interference to other radio services operating within the boundaries of the Coastal State's territory;
- (c) it shall give priority to distress and safety transmissions in accordance with relevant international conventions and, in particular, the Radio Regulations of the International Telecommunication Union;
- (d) safeguard measures shall be taken, subject to relevant safety regulations, during the operation of INMARSAT Ship Earth Stations in an area containing the presence of explosive gases, in particular during operations relating to oil and other inflammable substances;
- (e) INMARSAT Ship Earth Stations shall be subject to inspection by the authorities of the Coastal State at the latter's request, without prejudice to the navigational rights established under international law.

(2) In this Agreement, "Coastal State" means the State in whose territorial sea and ports the INMARSAT Ship Earth Station, subject to the provisions of this Agreement, is operating.

Article 3

Parties may, without prejudice to navigational rights established under international law, restrict, suspend or prohibit the operation of INMARSAT Ship Earth Stations in ports and areas of territorial sea specified by them. Without prejudice to the entry into force of such restriction, suspension or prohibition, as determined by the Party, it shall be notified to the Depositary of this Agreement as soon as possible.

4. gr.

Leyfið sem um getur í 1. mgr. 1. gr. samnings þessa kann að takmarkast við þann rétt sem fánaríkið veitir skipum hlutaðeigandi strandríkis innan landhelgi sinnar og í höfnum skv. 1. mgr. 1. gr., sbr. þó boðskipti þegar hættu ber að höndum og öryggi er í húfi.

5. gr.

Ekki ber að líta svo á að neitt í samningi þessum sé því til fyrirstöðu að aðili veiti víðtækari aðstöðu í tengslum við rekstur INMARSAT-skipajarðstöðva.

6. gr.

Samningur þessi gildir ekki um herskip og önnur ríkisskip sem gerð eru út í öðrum tilgangi en til kaupsiglinga.

7. gr.

- 1) Öll ríki geta gerst aðilar að samningi þessum með:
- a) undirritun; eða
 - b) undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, ásamt eftirfarandi fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða
 - c) aðild eða aðild að hluta til.
- 2) Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í Lundúnum frá 1. janúar 1986 þar til hann öðlast gildi og eftir það er frjálst að gerast aðili að honum eða aðili að hluta hans.

8. gr.

- 1) Samningur þessi skal öðlast gildi þrjátíu (30) dögum eftir að tuttugu og fimm (25) ríki hafa gerst aðilar að honum.
- 2) Nú afhendir ríki skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki, aðild eða aðild að hluta til vörslu eftir gildistökudag samnings þessa og öðlast samningurinn þá gildi að því er viðkomandi ríki varðar á afhendingardegi.

9. gr.

Aðili getur hvenær sem er sagt samningi þessum upp með tilkynningu þess efnis til vörslu aðila. Slík uppsögn skal öðlast gildi níutíu (90) dögum eftir að vörsluaðila berst skrifleg tilkynning aðila um uppsögn.

Article 4

Without prejudice to distress and safety communications, the permission referred to in paragraph (1) of Article 1 of this Agreement may be limited to the rights which the flag State grants under paragraph (1) of Article 1 within its territorial sea and ports to the ships of the Coastal State concerned.

Article 5

Nothing in the present Agreement shall be construed as preventing the granting of any wider facilities by a Party in respect of the operation of INMARSAT Ship Earth Stations.

Article 6

This Agreement shall not apply to warships and other government ships operated for non-commercial purposes.

Article 7

- (1) Any State may become Party to this Agreement by:
- (a) signature; or
 - (b) signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval; or
 - (c) accession or adhesion.
- (2) This Agreement shall remain open for signature in London from 1 January 1986 until it enters into force and shall thereafter remain open for accession or adhesion.

Article 8

- (1) This Agreement shall enter into force thirty (30) days after the date on which twenty-five (25) States have become Parties.
- (2) For a State whose instrument of ratification, acceptance, approval, accession or adhesion is deposited after the date on which this Agreement enters into force, this Agreement shall enter into force on the date of such deposit.

Article 9

A Party may withdraw from this Agreement at any time by notification to the Depositary. Such withdrawal shall take effect ninety (90) days after the date of receipt by the Depositary of the Party's written notification to withdraw.

10. gr.

- 1) Framkvæmdastjóri INMARSAT skal vera vörsluaðili samningsins.
- 2) Vörsluaðili skal þegar í stað tilkynna öllum aðilum að samningi þessum sérstaklega um:
 - a) undirritanir samnings þessa;
 - b) gildistökudag samnings þessa;
 - c) afhendingu skjala um fullgildingu, staðfestingu, samþykki, aðild eða aðild að hluta;
 - d) dag þann sem ríki hættir að vera aðili að samningi þessum;
 - e) aðrar tilkynningar og orðsendingar sem varða samninginn.
- 3) Við gildistöku samnings þessa skal vörsluaðili senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna staðfest afrit til skráningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Á sama tíma skal vörsluaðili senda Alþjóðafjarskiptasambandinu og Alþjóðasiglingamálastofnuninni staðfest afrit af samningi þessum.

11. gr.

Samningur þessi er gerður í einu frumriti á ensku, frönsku, rússnesku og spænsku þar sem allir textar eru jafngildir, og skal hann afhentur vörsluaðila til varðveislu sem skal senda aðilum staðfest afrit.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

GIJÖRT Í LUNDÚNUM hinn 16. október 1985.

Article 10

- (1) The Director General of INMARSAT shall be the Depositary of this Agreement.
- (2) The Depositary shall, in particular, promptly notify all Parties to this Agreement of:
 - (a) any signature of this Agreement;
 - (b) the date of entry into force of this Agreement;
 - (c) any deposit of instruments of ratification, acceptance, approval, accession or adhesion;
 - (d) the date on which a State has ceased to be a Party to this Agreement;
 - (e) any other notifications and communications relating to this Agreement.
- (3) Upon entry into force of this Agreement, the Depositary shall transmit a certified copy to the Secretary-General of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations. At the same time, the Depositary shall transmit a certified copy of this Agreement to the International Telecommunication Union and to the International Maritime Organization.

Article 11

This Agreement is established in a single original in the English, French, Russian and Spanish languages, all the texts being equally authentic, and shall be deposited with the Depositary, who shall send a certified copy to Parties.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed this Agreement.

DONE AT LONDON on this sixteenth day of October of the year One Thousand Nine Hundred and Eighty Five.